

Reykjavík, 29. nóvember 2002.

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis sendi Háskólanum í Reykjavík (HR) til umsagnar frumvarp til laga um löggildingu starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 354. mál, tölvunarfræðingar o.fl. (breyting á lögum nr. 8/1996).

Tölvunarfræðideild HR kom að undirbúningsvinnu varðandi breytingu á umræddum lögum með Félagi tölvunarfræðinga (FT) og styður það að starfsheitið tölvunarfræðingur verði lögverndað.


Texti 2. gr. er eftirfarandi:

“Við 2. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þeir sem lokið hafa BS-prófi eða meistaraþrófi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla (eða meistaránámi úr slíkum skólum) þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.”

Varðandi ofangreinda grein má velta þeirri spurningu upp hvort eðlilegt sé að tölvunarfræðingur frá viðurkenndum íslenskum háskóla þurfi ekki slíkt leyfi ráðherra, í ljósi þess að t.d. verkfræðingar og tækni-fræðingar með gráðu frá íslenskum háskólum þurfa slíkt leyfi.

Að auki getur það talist óeðlilegt að tölvunarfræðingur frá viðurkenndum erlendum háskóla, eins og t.d. Stanford, Berkely, MIT, Carnegie Mellon, o.s.frv. þurfi leyfi ráðherra til að kalla sig tölvunarfræðing en sama gildi ekki um tölvunarfræðing frá HR, HÍ, eða HA svo dæmi sé tekið.

Virðingarfyllst,



f.h. tölvunarfræðideildar HR
Hrafn Loftsson, deildarforseti.